

**Nd.**

**743. Nefndarálit**

[118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 23. des. 1975 og lög nr. 78 31. des. 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndarmenn hafa rætt frv. á nokkrum fundum og ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir teljum frv. fela í sér ýmis atriði er þurfi góðrar athugunar við, m. a. hverjir njóta ættu, ef frv. yrði að lögum. Við leggjum því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Lúðvík Jósepsson mun skila séráliti. Kjartan Ólafsson var ekki mættur á fundinum.

Alþingi, 15. maí 1979.

Halldór E. Sigurðsson,  
fundaskr., frsm.

Vilmundur Gylfason.

Matthías Á. Mathiesen.

Ólafur G. Einarsson.

Finnur Torfi Stefánsson.